

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Sólberg, Halland, Geldingsá og Veigastaðir, Svalbarðsstrandarhreppi.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. apríl 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði í landi Sólbergs stækkar og gert ráð fyrir allt að 15 íbúðum í stað 6.
- Gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði í landi Veigastaða, neðan Veigastaðavegar, fyrir allt að 10 íbúðir.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Veigastaða stækkar til suðurs og austurs.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Geldingsár stækkar til suðurs og suðvesturs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 5. apríl 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*